

Jafnréttisáætlun Leikskóla Fjallabyggðar

Jafnréttisáætlun Leikskóla Fjallabyggðar á við börn, foreldra og starfsfólk leikskólans. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig tekur hún mið af skólanámskrá Leikskóla Fjallabyggðar, Jafnréttisáætlun Fjallabyggðar og auk þess tekur hún til annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65 gr.laga nr.33/1944:

“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna”.

Mikilvægt að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannaúðs sem býr í hverjum og einum. Lögð er áhersla á að komið sé fram við fólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Lögð er áhersla á að í leikskólunum sé unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.

Stefna leikskólanna í jafnréttismálum

Megin markmið

- Að stuðla að jafnrétti kynjanna á sem viðtækustum grunni.
- Að koma fram við alla starfsmenn, foreldra og börn af virðingu.
- Gæta skal jafnréttis í öllu starfi.
- Lögð er áhersla á góðan staðblæ, sem hvetur til góðra og skapandi verka, þar sem mannaúðurinn er nýttur og öll framlög og allar hugmyndir njóta virðingar.

Starfsmenn

- Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum, greiða skal jöfn laun og tryggja sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf
- Gæta skal að því að auglýsingar og kynningarefni höfði til beggja kynja.
- Tryggt skal að jafnréttissjónarmiða sé gætt við stöðuveitingar.
- Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla.
- Lögð er áhersla á að allir starfsmenn geti eflt kunnáttu sína og hæfni.

Börn

- Leikefni og viðfangsefni skulu höfða til allra barna.
- Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir.
- Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja.
- Fjalla skal við börn um ýmsa þætti sem geta skapað mismun eða forréttindi í lífi fólks s.s. aldur, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, menningu, skoðanir, trúarbrögð, tungumál og fjölskylduaðstæður.

Foreldrar

- Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.
- Beina skal samskiptum og orðum bæði til fedra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.

Einelti og kynferðisleg áreitni

Einelti og kynferðisleg áreitni verður undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Meðvirkni starfsmanna í einelti er fordæmd.

Skilgreining Leikskóla Fjallabyggðar á hvað einelti og kynferðisleg áreitni er styðst við reglugerð nr. 1000/2004 en þar segir í 3. gr.:

„Einelti: Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.“

Nýjum starfsmönnum er kynnt stefna og viðbragðsáætlun fyrirtækisins í eineltismálum strax við upphaf starfs.

Forvarnir gegn einelti

Markvisst skal unnið að forvarnarstarfi gegn einelti með því að byggja upp opin og jákvæð samskipti við börn, foreldra og samstarfsmenn. Leikskólinn leggur áherslu á að byggja upp sterka og jákvæða sjálfsmynd hjá börnunum og gera þau þannig betur í stakk búin að takast á við samskiptavanda.

Hlutverk starfsmanna sem fyrirmynd skiptir veigamiklu máli hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við vanda. Það er stefna Leikskóla

Fjallabyggðar að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu, foreldrum og börnum alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum og séu þannig góð fyrirmynd.

Í upphafi skólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn einelti með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Samskipti barna innbyrðis og hvernig þeim er háttað skipar stórt hlutverk í forvarnarstarfi gegn einelti. Lögð er mikil áhersla á vináttu, samhygd og hjálpsemi.

Starfsmenn skulu ávallt vera vakandi fyrir samskiptum barnanna því einelti

byrjar oft í smáum atvikum sem vinda upp á sig ef ekkert að að gert. Leikskólinn hefur því markað sér stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum. Markmið hennar er að:

- Starfsmenn þekki einelti þegar það á sér stað.
- Starfsmenn kunni að uppræta eða vinna með eineltismál, ef þau koma upp.
- Til eru verkferlar sem unnið skal eftir þegar upp koma eineltismál.
- Hvert mál er einstakt og unnið er samkvæmt því.

Stefnan og viðbragsáætlunin eru rifjaðar upp reglulega á starfsmannafundum. Á vinnustöðum geta komið upp ágreiningsmál og hagsmunaárekstrar sem valdið geta óþægindum. Mikilvægt er að leysa slík mál án tafar áður en þau þróast til verri vegar.